



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 1. febrúar, 2008

Ákvörðun nr. 6/2008

Kvörtun vegna samkeppni Alþjóðahúss við þýðingarstofur og sjálfstætt starfandi þýðendur

I.

Erindið

Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Skjali ehf. þýðingarstofu, dagsett 20. september 2007, þar sem kvartað er yfir samkeppni Alþjóðahúss við þýðingarstofur og sjálfstætt starfandi þýðendur.

Í erindinu kemur fram að Alþjóðahús hafi verið rekið sem einkahlutafélag frá árinu 2003 þegar það hafi tekið við af Miðstöð Nýbúa, sem þá heyrði undir Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar. Alþjóðahús væri, líkt og segði á heimasíðu þess, „*fyrst og fremst málsvari fólks af erlendum uppruna og þar sem fram færi margvísleg starfssemi sem ætti að stuðla að fjölmenningslegum samskipum*“. Jafnframt væri tiltekið að hægt væri að leita til Alþjóðahúss eftir alls konar þjónustu og upplýsingum. Meðal þess sem Alþjóðahús ræki væri ráðgjafarþjónusta, lögfræðiráðgjöf, íslenskukennsla, fræðsludeild, útgáfustarfsemi, kaffihús og túlka- og þýðingarþjónusta.

Jafnframt segir að Alþjóðahús sé einkahlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar Rauða krossins sem sé með þjónustusamninga við Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstað. Ennfremur sagði að Alþjóðahús njóti m.a. styrkja frá félagsmálaráðuneytinu, Menntamálaráðuneytinu, Hafnarfjarðarbæ og Landsvirkjun. Einnig fái Alþjóðahús styrki úr starfsmenntasjóði.

Skjal heldur því fram að með því að bjóða upp á þýðingar- og túlkþjónustu sé Alþjóðahús í beinni samkeppni við fjölmarga þýðendur á markaði og hafi þeir ástæðu til að ætla að Alþjóðahús niðurgreiði þann hluta þjónustunnar með öðrum hlutum þess, þ.m.t. styrkjum sem fyrirtækið fái frá ríki og borg. Þannig nái Alþjóðahús að bjóða upp á þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja sem styrkt sé með almannafé. Með því að markaðsetja starfsemi sína sem þjónustu við innflytjendur og fyrirtæki sé fyrirtækið sömuleiðis að nota það réttmæta góða orðspor sem af því fari til að selja til fyrirtækja og stofnanna þjónustu sem að hluta til sé í samkeppni við einkaaðila undir þeim formerkjum að um fræðslu sé að ræða.



Jafnframt segir að þann 18. september 2007 hafi Alþjóðahús boðið í túlka- og þýðingarþjónustu fyrir opinber fyrirtæki og stofnanir, en Ríkiskaup hafi annast útboðið. Með því að bjóða í þessa þjónustubætti opinberra fyrirtækja og stofnana telji Skjal að Alþjóðahús sé að niðurgreiða þjónustu til opinberra fyrirtækja og stofnana með styrkjum sem það fái frá ríki og borg og skekki þannig samkeppnisstöðu annarra á markaðnum.

Skjal óskar eftir því að starfsemi Alþjóðahús verði könnuð, m.a. með tilliti til þess hvort það uppfylli reglugerð um aðskilið bókhald hjá fyrirtækjum sem veitt séu sérstök réttindi eða einkaréttur, eða falið sé að veita þjónustu er hafi almenna efnahagslega þýðingu, skv. 59. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og stunda einnig aðra starfsemi.

II. Málsmeðferð

1.

Við mat á því hvort ástæða væri til að taka málið til rannsóknar var erindi Skjals sent Alþjóðahúsi til athugasemda með bréfi, dagsettu 28. september 2007, með vísan til 9. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Auk þess var óskað eftir því að Alþjóðahús skilaði ársreikningum fyrir árin 2005 og 2006, ásamt öðrum gögnum sem sýndu hvort og þá hvernig fjárhag Alþjóðahúss, vegna þýðingar- og túlkaþjónustunnar sem innt væri af hendi í samkeppni við aðra aðila væri haldið aðskildum frá annarri starfsemi félagsins. Alþjóðahúsi var veittur frestur til 12. október 2007 til að skila athugasemdum.

Athugasemdir Alþjóðahúss ásamt fylgigögnum bárust Samkeppniseftirlitinu þann 19. október 2007. Þar kemur m.a. fram að Alþjóðahús hafi verið stofnað árið 2001. Ekki sé rétt að Alþjóðahús reki kaffihús í dag, hins vegar hafi Alþjóðahús gert það um nokkurra mánaða skeið, frá sumri 2002 og fram í febrúar 2003. Síðan þá hafi Alþjóðahús framleigt húsnæðið undir kaffihús til sjálfstæðs rekstraraðila. Ekki sé heldur rétt að Alþjóðahús sé í eigu Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands. Alþjóðahús hafi hins vegar verið í eigu deildarinnar frá 1. febrúar 2003 og þangað til að Reykjavíkurdeildin framseldi einkahlutafélagið til Kosmos ses. í september 2006.

Ennfremur kemur fram að Alþjóðahús hafi verið með þjónustusamninga frá upphafi við fjögur sveitarfélög, Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ og Seltjarnarneskaupstað. Að auki hafi verið gerður þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið síðastliðið vor, sem hafi eingöngu falist í að styðja við ráðgjöf Alþjóðahússins á landsvísu. Þá sé Alþjóðahús á fjárlögum fyrir árið 2007 í fyrsta skipti, en framlag ríkisins sé eyrnamerkt ráðgjöf og upplýsingagjöf.

Jafnframt kemur fram að frá því að Alþjóðahús hafi verið stofnað hafi verið reynt að afla styrkja í hin ýmsu verkefni. Leitað hefur verið til opinberra sjóða í ýmis þróunarverkefni og einnig hafa fengist erlendir styrkir. Nokkur dæmi um verkefni sem hafi fengið styrki frá ýmsum aðilum séu Þjóðahátíð Alþjóðahússins, Blað



Alþjóðahússið, Eins og fólk er flest og íslenskukennsla. Að sögn Alþjóðahússið hafi Skjal í sinni umfjöllun blandað saman styrkjum í einstök verkefni og framlögum sem byggja á þjónustusamningum.

Eins og áður segir hefur Alþjóðahúsið frá upphafi verið með þjónustusamninga við fjögur sveitarfélög. Alþjóðahúsið kveður að það sé sérstaklega tekið fram í þessum þjónustusamningum að Alþjóðahúsið skuli afla sér tekna, með tülkaþjónustu og með sölu á fræðslu. Þýðingar hafi jafnframt verið stundaðar frá upphafi og ekki verið gerðar athugasemdir við það frá handhöfum þjónustusamninganna, heldur þvert á móti verið hvatt til þess. Þá megi einnig sjá á þjónustusamningunum að Alþjóðahúsið hafi verið gert að afla sér tekna í vaxandi mæli og til marks um það þá hafi framlög samkvæmt þjónustusamningunum ekki verið vísitölutryggð og hafi því í raun farið lækkandi ár frá ári. Alþjóðahúsið hafi brugðist við þessum veruleika síðustu ár, með því að auka sífellt áherslu á markaðsstarf og leita tekjuleiða. Tekjur Alþjóðahússið hafi aukist hratt og nú sé svo komið að mikill meirihluti veltu þess komi frá útseldri þjónustu og styrkjum í ýmis verkefni.

Alþjóðahúsið kveður að árið 1996 hafi Miðstöð nýbúa byrjað að þjóða upp á þjónustu í samfélagstülkun og hafi jafnframt staðið að þjálfun tülka. Árið 2001 hafi svo Alþjóðahúsið verið stofnað og hafi það rekið tülka- og þýðingarþjónustuna frá þeim tíma.

Í tülka- og þýðingarþjónustu Alþjóðahússið séu fimm starfsmenn sem skipti með sér þremur stöðugildum. Þrátt fyrir að samstarf sé milli deilda Alþjóðahússið varðandi þekkingu í málefnum innflytjenda sé fræðsla fyrir tülka og notendur tülkaþjónustunnar í höndum verkefnisstjóra tülka- og þýðingarþjónustunnar, ekki fræðsludeildar Alþjóðahússið.

Fram kemur í athugasemdum Alþjóðahússið að sérstakir bókhaldslyklar séu vegna tekna og kostnaðar tülka- og þýðingarþjónustunnar. Þá sé áætlaður kostnaður tülka- og þýðingarþjónustunnar af húsnæðis- og öðrum rekstarkostnaði Alþjóðahússið. Kostnaðarhlutfallið sé fundið út með því að deila fjölda starfsstöðva á heildarkostnað.

Alþjóðahúsið kveður í athugasemdum sínum að það falli ekki undir þau skilyrði sem þurfi að uppfylla til að 59. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið eigi við enda sé Alþjóðahúsið ekki opinbert fyrirtæki heldur einkahlutafélag í eigu Kosmos, sjálfseignastofnunar. Alþjóðahúsið hafi heldur ekki verið veitt sérstök réttindi eða einkaréttur. Þá sé vandséð að sú þjónusta sem Alþjóðahúsið hafi verið falið að inna af hendi hafi almenna efnahagslega þýðingu, hvað þá að um fjáröflunareinkasölu sé að ræða. Alþjóðahúsið hafnar því jafnframt að reglugerð nr. 214/2006 eigi við, enda sé það ekki opinbert fyrirtæki. Auk þess uppfylli Alþjóðahúsið ekki veltuskilyrði reglugerðarinnar.

2.

Þann 21. nóvember 2007 var Alþjóðahúsið tilkynnt að Samkeppniseftirlitið hefði ákveðið að taka málið til rannsóknar með vísan til 11. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins.



Með bréfi dagsett sama dag var Skjali einnig tilkynnt að Samkeppniseftirlitið hefði ákveðið að taka málið til rannsóknar. Ennfremur var Skjali sent afrit af athugasemdum Alþjóðahúss þar sem trúnaðarupplýsingar höfðu verið felldar á brott. Skjali var veittur frestur til 5. desember 2007 til að skila inn frekari athugasemdum ef einhverjar væru.

3.

Þann 5. desember 2007 bárust Samkeppniseftirlitinu athugasemdir Skjalar ásamt fylgigögnum. Með athugasemdunum fylgdu jafnframt útreikningar sem unnir höfðu verið upp úr ársreikningi Alþjóðahúss fyrir árið 2005. Í athugasemdunum kemur m.a. fram að samkvæmt þeim útreikningum sé ljóst að tæplega níu milljóna króna tap hafi verið af þeim hluta reksturs Alþjóðahúss á árinu 2005 sem teljist vera í samkeppni, en það þýði að 18% af þeim tekjum sem þjónustusamningar hafi gefið af sér hafi verið notaðar til að niðurgreiða samkeppnisrekstur. Ennfremur segir að það sé skoðun Skjals að enginn vafi leiki á því að samkeppnisrekstur hafi verið niðurgreiddur á árinu 2005.

Í athugasemdunum segir jafnframt að í þjónustusamningnum sem fylgdi athugasemdum Alþjóðahúss komi fram að nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafi gert þjónustusamninga við Alþjóðahús. Sveitarfélögin njóta 25% afsláttar af gjaldskrá Alþjóðahúss s.s. fyrir túlkþjónustu. Kveður Skjal að það sé mat fyrirtækisins að umræddur 25% afsláttur sé hærri en möguleg framlegð af hverju verki hjá Alþjóðahúsi og því sé það fé, sem fáið með þjónustusamningunum, notað til að niðurgreiða veitta þjónustu.

Jafnframt segir að samkvæmt upplýsingum frá viðskiptavinum Skjals nýti Alþjóðahús sérstöðu sína á markaði til að bjóða þýðingarþjónustu samhliða annarri þjónustu sem það bjóði bæði fyrirtækjum og einstaklingum (s.s. ráðgjöf og kennslu) á þannig hátt að tilvonandi viðskiptavinir sjái sér e.t.v. ekki annað fært en að þiggja þjónustuna vilji þeir ekki láta líta svo út að þeir vilji ekki þjónusta nýbúa.

Varðandi þann gjörning að færa Alþjóðahús frá Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands yfir til Kosmos telur Skjal að þar hafi undarlega verið staðið að málum. Samkvæmt samningi um afhendingu hlutafjár sem Skjal hafi aflað frá Fyrirtækjaskrá hafi hlutafé Alþjóðahúss verið lækkað úr 10.000.000 kr. niður í 1.000.000 kr. og því næst hafi Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands framselt umrætt hlutafé til Kosmos ses. Samkvæmt lauslegum útreikningum á verðmæti Alþjóðahúss sem rekstrareiningar (og þar sé ekki horft til mögulegra efnislegra eigna) megi áætla að virði félagsins sé á bilinu 15-100 milljónir króna. Þarna sé annað dæmi um aðstöðumuninn milli Skjals og Alþjóðahúss, annar aðilinn þurfi að greiða fjármagnskostnað af uppbyggingu fyrirtækisins en hinn sé skuldlaus.

4.

Með bréfi, dagsettu 6. desember 2007, var Alþjóðahúsi send umsögn Skjals ásamt því að vera gefinn kostur á að skila inn frekari athugasemdum ef



einhverjar væru. Að því loknu yrði málið tekið til ákvörðunar. Frestur til að skila athugasemdum var veittur til 20. desember 2007.

Athugasemdir Alþjóðahúss ásamt fylgigögnum bárust Samkeppniseftirlitinu þann 20. desember sl.

Í þeim athugasemdum hafnar Alþjóðahúsið þeim útreikningum sem Skjal byggir á ársreikningum Alþjóðahúss og þeirri niðurstöðu að tap hafi verið af rekstrinum. Hið rétta sé að hagnaður hafi verið af starfsemi túlka- og þýðingarþjónustunnar. Jafnframt er ítrekað að framlög sveitarfélaga til Alþjóðahússins séu ekki styrkir heldur framlög sem byggja á veittri þjónustu sem sveitafélögin yrðu ella að veita. Það sé því ekki rétt hjá Skjali að Alþjóðahús njóti styrkja í gegnum þjónustusamningana.

Alþjóðahús kveður þrjú sveitarfélög njóti 25% afsláttar af gjaldskrá Alþjóðahússins, þ.e. Kópavogur, Hafnarfjörður og Seltjarnes, í gegnum þjónustusamninga. Eitt sveitafélag, Reykjavíkurborg, njóti 15% afsláttar af gjaldskrá í gegnum þjónustusamning. Alþjóðahús njóti framlegðar af viðskiptum sínum við þessi sveitarfélög, þrátt fyrir fullyrðingu Skjals um annað.

Bent er á að markmið og hlutverk Alþjóðahúss sé m.a. að vera miðstöð þekkingar á fjölmenningslegu samfélagi, vettvangur samstarfs fólks af innlendum og erlendum uppruna og að veita sérhæfða þjónustu. Einnig ætti Alþjóðahús að stuðla að því að íbúar landsins njóti kosta fjölmenningslegs samfélags þar sem jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti fólks af ólíkum uppruna og gera útlendingum sem flust hafi til landsins kleift að taka virkan þátt í íslensku samfélagi.

Því er vísað á bug að Alþjóðahús geri viðskiptavinum sínum að kaupa þýðingarþjónustu samhliða annarri þjónustu. Þvert á móti sé það yfirleitt ósk fyrirtækja eða stofnana að fá þýðingarþjónustu hjá Alþjóðahúsi. Engum sé gert skylt að kaupa túlka- eða þýðingarþjónustu hjá Alþjóðahúsi.

Alþjóðahús fjallar í athugasemdum sínum um breytingar á eignarhaldi. Í febrúar árið 2003 hafi fjögur sveitarfélög afsalað sér eignarhluta sínum í Alþjóðahúsi til Reykjavíkurborgar Rauða kross Íslands og í september 2006 hafi Reykjavíkurborgin Íslands afsalað sér eignarhlutum sínum til Kosmos ses.

Varðandi eignarhald á Kosmos segir að um sjálfseignarstofnun sé að ræða og eðli málsins samkvæmt eigi enginn sjálfseignarstofnun. Bent er á að hlutafé Alþjóðahúss hafi verið færð niður um áramótin 2005/2006 í þeim tilgangi að endurspeglar raunverulega stöðu einkahlutafélagsins en taprekstur fyrri ára hefði í raun klárað eigið fé þess. Þessi gjörningur hefði í raun verið til umræðu allt frá því að Reykjavíkurborgin Rauða kross Íslands tók yfir reksturinn árið 2003 og ljóst var hver staða félagsins væri.



III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu er kvartað yfir samkeppni Alþjóðahúss við þýðingarstofur, sjálfstætt starfandi þýðendur og túlkapjónustur. Því er haldið fram að túlka- og þýðingarþjónusta Alþjóðahúss sé niðurgreidd með styrkjum sem Alþjóðahús fái frá ríki og borg vegna þjónustusamninga sem Alþjóðahús hafi gert við nokkur sveitarfélög og aðra. Þá sé Alþjóðahús einnig á fjárlögum. Þetta leiði til þess að samkeppnisleg staða einkaaðila við Alþjóðahús skekkist, þar sem keppinautar Alþjóðahúss þiggi enga opinbera styrki eða ívilnanir. Nauðsynlegt sé því að aðskilja reksturinn sem sé í samkeppni og þann rekstur sem snýr að því að vinna að markmiðum Alþjóðahúss.

Í málgögnunum kemur fram sú afstaða Alþjóðahúss að túlka- og þýðingarþjónusta hafi verið bókhaldslega aðskilin frá annarri starfsemi fyrirtækisins með sérstökum bókhaldslyklum. Auk þess sé áætlaður kostnaðarhlutur túlka- og þýðingarþjónustunar í almennum kostnaði Alþjóðahúss, þ.e. húsnæðiskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði.

2.

Samkeppnislög hafa að markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. laganna. Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum, sbr. 2. gr. laganna.

Í 14. gr. samkeppnislaga kemur fram að þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfi að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Forsendur þess að Samkeppniseftirlitið geti mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað skv. 14. gr. eru tvenns konar. Annars vegar er það skilyrði fyrir beitingu umræddrar heimildar að um sé að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfi að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar og hins vegar þarf hluti rekstrarins að vera í frjálstri samkeppni við aðra aðila.

Eins og áður hefur komið fram í málflutningi Alþjóðahúss gegnir Alþjóðahús því hlutverki að vera miðstöð þekkingar á fjölmenningslegu samfélagi, vettvangur samstarfs fólks af innlendum og erlendum uppruna og að veita sérhæfða þjónustu. Einnig á Alþjóðahús að stuðla að því að íbúar landsins njóti kosta fjölmenningslegs samfélags þar sem jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna og gera útlendingum sem flust hafa til landsins kleift að taka virkan þátt í íslensku samfélagi.



Í gögnum málsins kemur fram að Alþjóðahús er rekið m.a. á grundvelli styrkja frá opinberum sjóðum, samstarfssamningum við fjögur sveitafélög, auk þess sem Alþjóðahús hlaut framlög samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2007.

Samkvæmt þessu er ljóst að Alþjóðahús er að einhverju leyti rekið af opinberu fé. Þar af leiðandi er ljóst að Alþjóðahús starfar að einhverju leyti í skjóli verndar í skilningi 14. gr. samkeppnislaga og uppfyllir að því leyti skilyrði fyrir beitingu lagagreinarinnar.

Af gögnum málsins er einnig ljóst að Alþjóðahús býður upp á túlka- og þýðingarþjónustu á almennum markaði. Á þeim markaði starfa jafnframt ýmis einkafyrirtæki. Hluti rekstrar Alþjóðahús er því í frjálsri samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Skilyrði samkeppnislaga fyrir því að beita 14. gr. laganna gagnvart Alþjóðahúsi eru því uppfyllt samkvæmt framansögðu.

3.

Í gögnum málsins kemur fram að túlka- og þýðingarþjónusta Alþjóðahúss sé sérstakt viðfang innan bókhalds þess, þ.e. að túlka- og þýðingarþjónustan sé færð samkvæmt sérstökum bókhaldslykli. Túlka- og þýðingarþjónustan taki sömuleiðis hlutfallslega þátt í kostnaði Alþjóðahúss vegna húsnæðiskostnaðar og annars rekstrarkostnaðar. Kostnaðarhlutfallið sé fundið út með því að deila fjölda starfsstöðva í heildarkostnaðinn. Ennfremur séu fimm starfsmenn sem starfi við þrjú stöðugildi hjá túlka- og þýðingarþjónustunni. Verkaskipting sé á milli starfsmannanna þannig að tveir starfsmenn hafi umsjón með afgreiðslu þýðingarverkefna, tveir starfsmenn hafi umsjón með afgreiðslu túlkaverkefna og verkefnisstjóri sjái um bókhald og ráðningu nýrra túlka. Telur Alþjóðahús að í þessu felist fullnægjandi fjárhagslegur aðskilnaður í skilningi 14. gr. samkeppnislaga.

Með fjárhagslegum aðskilnaði á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga er að lágmarki átt við algeran bókhaldslegan aðskilnað milli annars vegar þess hluta rekstrar fyrirtækis eða stofnunar, sem lagagreinin tekur til, sem nýtur einkaleyfis eða hvers konar opinberra fjárframlaga og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í samkeppni við aðra aðila. Með slíkum aðskilnaði er átt við að allar rekstrartekjur og öll gjöld þess hluta rekstrar opinbers aðila eða annars aðila sem uppfyllir skilyrði til íhlutunar á grundvelli 14. gr. og er í samkeppni við einkaaðila séu bókfærð sjálfstætt og haldið aðgreindum frá bókfærðum rekstri verndaðs rekstrar sama aðila. Þannig skulu allar tekjur og öll gjöld, bæði bein og óbein, föst og breytileg, sem tilheyra samkeppnisrekstrinum bókfærð á þann hluta rekstrarins svo og hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, s.s. húsnæðiskostnaði, skrifstofuhaldi, launum starfsfólks o.þ.h. Þá er einnig gert ráð fyrir að efnahag, þ.e. eignum og skuldum, sé haldið sérstaklega til haga í bókhaldi sem með beinum hætti tengjast samkeppnisrekstrinum. Með fjárhagslegum aðskilnaði eins og honum er hér lýst er reynt að tryggja að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur með fé frá verndaðri starfsemi sem m.a. nýtur opinberra fjárframlaga.



Í dag er túlka- og þýðingarþjónusta Alþjóðahúss fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi Alþjóðahúss með sérstökum bókhaldslykill. Starfsmenn túlka- og þýðingarþjónustunar eru jafnframt starfsmenn Alþjóðahúss. Túlka- og þýðingarþjónustan tekur og hlutfallslegan þátt í sameiginlegum kostnaði, s.s. húsnæðiskostnaði og öðrum rekstarkostnaði. Að mati Samkeppniseftirlitsins uppfyllir umræddur aðskilnaður túlka- og þýðingarþjónustunnar ekki skilyrði 14. gr. samkeppnislaga um fjárhagslegan aðskilnað. Þar sem um samkeppnisrekstur er að ræða telur Samkeppniseftirlitið brýnt að bætt verði úr þessu. Annað torveldar samkeppni á þeim mörkuðum sem um er að ræða.

Af sömu ástæðum og nauðsynlegt er að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað er það jafnframt mat Samkeppniseftirlitsins að mikilvægt sé að tryggja að túlka- og þýðingarþjónusta Alþjóðahúss sé ekki gerð að skilyrði fyrir kaupum á annarri þjónustu hjá Alþjóðahúsi.

IV. Ákvörðunarorð:

Á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 mælir Samkeppniseftirlitið fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta starfsemi Alþjóðahúss ehf., túlka- og þýðingarþjónustunnar, sem rekinn er í samkeppni við aðra aðila og hins vegar þess hluta Alþjóðahúss sem ekki er rekinn í samkeppni við aðra aðila og nýtur opinberra fjárframlaga eða styrkja af almannafé.

Skal fjárhagslegur aðskilnaður Alþjóðahúss ehf. framkvæmdur með eftirfarandi hætti fyrir 14. mars 2008:

- 1. Stofnuð verði sérstök eining um samkeppnisreksturinn, túlka- og þýðingarþjónustu Alþjóðahúss ehf. Reikningsskil vegna hinnar bókhaldslegu einingar skulu vera aðskilin reikningsskilum annarra þátta í starfsemi Alþjóðahúss ehf.**
- 2. Öll gjöld og tekjur vegna túlka- og þýðingarþjónustu Alþjóðahúss ehf., sem er í samkeppni við aðra aðila og ekki á að njóta opinberra fjárframlaga, skulu færðar til bókar í bókhaldseiningunni sbr. 1. tl. Hér er átt við bæði bein og óbein gjöld og tekjur og föst og breytileg. Þá skal einnig í bókhaldi og reikningsskilum færa hlutdeild samkeppnisrekstrar í sameiginlegum kostnaði Alþjóðahúss ehf., þ.m.t. kostnaði við yfirstjórn, húsnæði og starfsfólk. Viðskipti milli samkeppnisstarfsemi og annarrar starfsemi Alþjóðahúss skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.**



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson